

4. fundur

Aukafundur

Fimmtudaginn 2. nóvember 2006 kom hreppsnefnd Langanesbyggðar saman til fundar í kaffistofu Þórsvers og hófst fundur kl. 15:05.

Mætt voru: Sigurður Ragnar Kristinsson, Aðalbjörn Arnarsson, Siggeir Stefánsson, Jóhanna Helgadóttir, Sigurbjörg Hulda Sigurðardóttir, Þórir Jónsson auk Björns Ingimarssonar.

Oddviti setti fund og bauð menn velkomna óskaði eftir að taka á dagskrá þrjú mál til kynningar og afgreiðslu og yrðu þau 4. 5. og 6. mál á dagskrá. Samþ. samhljóða.

Dagskrá

1. Mál. Byggðamerki Langanesbyggðar.

Björn kynnti málið og lagði fram nokkrar tillögur frá tveimur aðilum sem sveitarstjórn skoðaði. Ákveðið að taka tillögu frá Steinbirni Logasyni og óska eftir nánari útfærslu á henni og sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Steinbjörn. Samþykkt samhljóða.

2. Mál. Endurnýjun á bifreið áhaldahúss.

Oddviti kynnti málið ásamt sveitarstjóra. Síðan var sveitarstjóra falið að skoða málið nánar og verður tekin ákvörðun í framhaldi af því. Samþykkt samhljóða.

3. Mál. Samstarf við Flugmálastjórn um kaup á slökkvibifreið.

Oddviti og sveitarstjóri kynntu málið, hreppsnefnd heimilaði sveitarstjóra að ganga frá samningi um kaup á slökkvibifreið í samstarfi við Flugmálastjórn. Samþ. samhljóða.

4. Mál. Breytingar á starfsemi Héraðsnefndar Þingeyinga.

Bréf dagsett, 1.11.06. frá Jóni Helga Björnssyni framkvæmdarstjóra Héraðsnefndar Þingeyinga. Björn sveitarstjóri kynnti málið, einnig var fjallað um fundargerð Héraðsráðs 30.10.06. og drög að stofnskrá Menningarmiðstöðvar Þingeyinga. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða breytta starfsemi Héraðsnefndar Þingeyinga, jafnframt samþykkt samhljóða að taka þátt í stofnun Menningarmiðstöðvar Þingeyinga með fyrirvara um að samkomulag náist um breytta kostnaðarskiptingu.

5. Mál. Eyping. Viðtalstímar þingmanna og sveitarstjórna 10 og 11 nóvember 2006.

6. Mál. Kynningarfundur með Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga, þriðjudaginn 7. nóv. n.k. kl.14:00.

Menn hvattir til að mæta.

7. Mál. Málefni Fræs ehf.

Oddviti óskaði eftir að þessi liður yrði afgreiddur á lokuðum fundi að afloknum þessum fundi og skráð í trúnaðarbók. Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Oddviti sleit fundi kl. 16:45.

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.